



## Alþýðusamband Íslands

### Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna

#### Ársfundur ASÍ krefst þess að:

- Öllum verði tryggt mannsæmandi og öruggt íbúðarhúsnæði.
  - Endurverkja þarf verkamannabústaðakerfið og raunhæft kaupleigukerfi fyrir almennt launafólk.
  - Standa ber vörð um kerfi vaxta- og húsaleigubóta.
  - Hvetja þarf til húsnæðissparnaðar til þess að auka getu til eignamyndunar í íbúðarhúsnæði.
  - Tryggja þarf sveigjanleika í greiðslubyrði til samræmis við greiðslugetu og að heimilt verði að endurfjármagna eldri lán fyrir ný miðað við getu.
  - Efla verður raunhæfan, stöðugan og sanngjarnan leigumarkað.
  - Endurskoða ber hlutverk Íbúðalánasjóðs sem og fá honum að nýju það félagshlutverk sem hann áður gegndi.
- Gripið verði tafarlaust til aðgerða til að taka á yfirþyrmandi skulda- og greiðsluvandi heimilanna
  - Leita verður leiða til þess að draga úr vægi verðtryggingar og að tryggt verði að lántakendum standi til boða óverðtryggð lán á ásættanlegum kjörum.
  - Komið verði til móts við lántakendur vegna þeirra miklu hækkana lána sem orðið hafa frá hruni bankanna. Kostnaður af slíkri lækkun lána verði borinn af lánveitendum og mögulega ríkissjóði. Ekki kemur til greina að færa slíkan kostnað á lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði.
  - Koma verður sérstaklega til móts við þann hóp sem ekki átti önnur úrræði en að skuldsetja sig umfram getu vegna húsnæðiskaupa á árabílinu 2004-2008.
  - Tryggja verður jafnræði við framkvæmd úrræða fyrir fólk vegna greiðsluvandræða, hraða meðferð og auka skilvirkni úrræða.
  - Við eignamissi við uppboð eða gjaldprot verður að tryggja viðkvæmustu hópunum, atvinnulausum og öðrum með verulega skerta greiðslugetu, sanngjarna leigu m.v. getu.
  - Tryggt verði að ekki sé hægt að ganga að fólki vegna tapaðra veðkrafna út yfir gröf og dauða, hvort sem um er að ræða gömul eða ný lán.
  - Finna verður leið til þess að lagfæra stöðu þeirra sem gengist hafa í ábyrgð fyrir lánnum til húsnæðiskaupa þriðja aðila.
  - Auka þarf ábyrgð og siðferði lánveitenda.